

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
140 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2024.
Tilv.: 2409015

Efni: Viðbótarumsögn vegna frumvarps til fjárlaga.

- Samkeppniseftirlitið vísar til fyrri umsagnar sinnar, dags. 10. október sl., vegna frumvarps til fjárlaga. Í þeirri umsögn er m.a. fjallað um stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Samkeppniseftirlitinu, frá haustinu 2022, þar sem sett eru fram tilmæli um úrbætur í starfi eftirlitsins. Jafnframt er rakið að ráðuneyti samkeppnismála, þ.e. menningar- og viðskiptaráðuneytið, hafi í samstarfi við Samkeppniseftirlitið lagt mat á viðbótarkostnað af því að koma framangreindum tillögum í framkvæmd. Nemi einskiptiskostnaður vegna þessa samanlagt **28 m.kr.** og varanlegur viðbótarkostnaður um **40. m.kr.**
- Til viðbótar framangreindu vill Samkeppniseftirlitið með bréfi þessu vekja athygli á því að þann 16. október sl. lauk Ríkisendurskoðun svokallaðri fyrri eftirfylgni við stjórnsluúttektina. [Niðurstöður Ríkisendurskoðunar](#) vegna eftirfylgniathugunarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu hennar.¹ Í niðurstöðunum kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Samkeppniseftirlitið og menningar- og viðskiptaráðuneyti hafa ekki brugðist með fullnægjandi hætti við þeim átta úrbótatillögum sem birtust í skýrslu Ríkisendurskoðunar í ágúst 2022, [Samkeppniseftirlitið - samrunaefnirit og árangur](#). Brugðist hefur verið við sumum tillögum embættisins að hluta til en Samkeppniseftirlitið og ráðuneytið eru sammála um að stofnunin þurfi talsvert aukið fjármagn ef henni á að takast að ljúka vinnunni. Samkeppniseftirlitið opnaði í kjölfar stjórnsluúttektar Ríkisendurskoðunar [upplýsingasíðu](#), þar sem m.a. má finna [verkefnaáætlun](#) sem byggir á úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar og hefur hún verið uppfærð þrisvar sinnum. Er þar að einhverju leyti hægt að sjá framvindu þeirrar vinnu sem átt hefur sér stað vegna tillagna Ríkisendurskoðunar.

Þetta er niðurstaða fyrri eftirfylgni Ríkisendurskoðunar með skýrslunni en gert er ráð fyrir að hefðbundin eftirfylgni fari fram síðla árs 2025.“ (Undirstrikun Sameppniseftirlitsins)
- Eins og rakið er í fyrri umsögn Samkeppniseftirlitsins er ekki gert ráð fyrir umræddum viðbótarkostnaði í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Í niðurstöðu sinni vekur Ríkisendurskoðun athygli á því að ráðuneyti samkeppnismála og Samkeppniseftirlitið séu sammála um að stofnunin þurfi aukna fjárveitingu til þess að geta farið að tillögunum. Þá liggur fyrir að hefðbundin eftirfylgni Ríkisendurskoðunar mun fara fram á seinni hluta næsta árs, þ.e. þess árs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Gangi fjárlagafrumvarpið óbreytt fram er því fyrir séð að ekki mun takast að verða við tillögum Ríkisendurskoðunar fyrir þann tíma.
- Með hliðsjón af framangreindu ítrekar Samkeppniseftirlitið fyrri beiðni til fjárlaganefndar um að því verði gert kleift að hrinda í framkvæmd útbótatillögum Ríkisendurskoðunar.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Sveinn Agnarsson

Páll Gunnar Pálsson

¹ <https://www.rikisend.is/frettir/nanar?id=4633>



stjórnarformaður

forstjóri

Undirritunarsíða

Páll Gunnar Pálsson



Undirritað af:
Páll Gunnar Pálsson
1509674659
Dags: 24.10.2024
Tími: 16:14:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7ab0ba22-
5355-473c-8514-
d9bc5c80d5a8

Sveinn Agnarsson



Undirritað af:
Sveinn Agnarsson
2212585929
Dags: 24.10.2024
Tími: 16:41:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7ab0ba22-
5355-473c-8514-
d9bc5c80d5a8